

Þekkingarsetrið Nýheimar

Auka stjórnarfundur (7. fundur) 17.10. 2013

Árdís Erla Halldórsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Tinna Björk Arnardóttir og Eyjólfur Guðmundsson, Vala Garðarsdóttir, Vigfús Ásbjörnsson, Þorvarður Árnason.

Fundarstjóri Ragnhildur Jónsdóttir

Fundargerð ritaði Vigfús Ásbjörnsson

Dagskrá

1. Skilgreining á hlutverki starfsmanns Nýheima.
2. Skapandi greinar, Nýheimar og Vöruhús (það sem sat eftir frá síðasta stjórnarfundum).
3. Önnur mál.

1. Ráðning starfsmanns þekkingarseturs Nýheima og verkefni.

Rætt var um hvort nota ætti starfsheitið Forstöðumaður eða verkefnastjóri yfir fyrirhugaðan starfsmann þekkingarseturs Nýheima. Eyjólfur finnst ekki skipta máli hvort það er verkefnastjóri eða forstöðumaður, aðalatriðið sé að ráðinn verði öflugur einstaklingur, vill þó nota frekar verkefnastjóra frekar en forstöðumaður sem yrði undir stjórn Nýheima Seturs. Eyjólfur vill að greinarmunur verði gerður á hvoru heitinu fyrir sig. Þorri segir það blasa við að þekkingarsetrið sé að fá 15 milljónir króna sem duga fyrir stöðugildi og öðrum rekstrarkostnaðum, þorra skoðun er að fá manneskju sem getur unnið sjálfstætt og er þá frekar með forstöðumann í huga. Þorri nefnir að 15 milljónir geri okkur kleift að fá öfluga sjálfstæða manneskju til starfsins. Þorri nefnir að hlutverk starfsmanns auk Nýheima ættu að vera ný og öðruvísi verkefni, verkefni sem miða á skörun á málaflokkum innan Nýheima sem þíðir að öfluga manneskju þurfi til verksins. Leggur til stefnumótun á þekkingarsetrinu almennt og að skipuð væri undirnefnd til að skilgreina 5-7 verkefni sem starfsmaður ætti að vinna. Segir að það myndi hjálpa við fókus og afmarka starfsviðið betur. Fanney finnst ekki skipta mála hvort verkefnastjóri eða forstöðumaður sé starfsheitið, finnst að byrja ætti á að stofnanirnar myndu komast á hugarflug varðandi stefnumótun og skilgreiningu verkefna og síðan í kjölfarið væri sett á nefnd. Völu finnst heldur ekki öllu máli hvað starfsheitið er og segir að verkefni sem unnin verða krefjist hæfrar manneskju sem er sjálfstæð. Henni finnst við ekki geta eitt of miklum tíma í dagleg umsvif þekkingarsetursins þar sem flestir hafi mikið að gera. Vala nefnir einnig að mikilvægt sé að skipuleggja vel hvernig vinnan verði unnin af starfsmanninum. Þorri tekur undir og leggur áherslu á að það þurfi að vera náð samstarf milli stjórnar og starfsmanns og að ekki megi ekki varpa allri ábyrgð á starfsmanninn. Þorri nefnir einnig varðandi það sem Fanney segir um að koma á fót nefnd að þá sé gott að kjósa um á stjórnarfundum í nefndina. Þorri vill tímatakmörk, fólk komi undirbúið með hugmyndir til að henda fram bæði fyrir stefnumótun setursins auk verkefnanna. Þorri nefnir að við eigum að vera komin á það stig að það skipti ekki öllu hvaða stofnanir séu í nefndinni heldur séu allir að hugsa þetta á svipuðum nótum. Vala vill fá frá öllum hvað þeir eru að hugsa varðandi verkefna sköpun og leggur til að hver og einn leggi hugann í bleyti í sambandi við það og komi með tillögur. Eyjólfur, nefnir að stefnumótun hafi verið unnin varðandi næstu 10 ár fyrir þekkingarsetrið Nýheima. Í hans huga er að leggja það plagg fram til grundvallar. Fram kom að ekki

vissu allir í stjórn Þekkingarseturs Nýheima að stefnumótun hafi farið fram. Fanney leggur áherslu á að vita hvaða stefnu við erum með og hvernig verkefni til þess að vita hvernig manneskju við leitum eftir. Eyjólfur nefnir 3 forgangsverkefni verkefni sem eru vöruhúsið, formgerning á starfi starfsmanns þekkingarsetursins auk framhaldfræðslu. Röggú líst vel á það sem startpunkt. Vala spyr hvernig er búið að móta hugmyndina. Ragga nefnir að framtíðarsýnin sé að komast með fullorðinsfræðsluna í samstarf við Háskólafélagið og Fræðslunet Suðurlands þar sem farið verður fram á hvernig komið verður til móts við fræðsluþörf Hornfirðinga. Þorri vonar að samstarfið við fræðslunetið tryggi jafn góða eða betri þjónustu en verið hefur. Þorra dettur í hug verkefni með bændum. Þorri nefnir að við eigum að vinna með kirkjubæjarklaustri í okkar uppbyggingu. Hann nefnir að fyrsta plaggið sem gert hafi verið í undirbúningsvinnu að stofnun Þekkingarseturs Nýheima hafi eingöngu snúið að Hornafirði. Þorri sagði að ráðuneytið hafi sagt nei við því og þess vegna hafi þurft stærra starfsvæði. Þorri nefndi að fólkið á klaustri hafi ekki þá burði til að sinna verkefnum af þessum toga og því fékkst þetta samþykkt. Þorri nefnir að verkefnin sem búin verða til verði að einhverju marki að fela í sér samstarf við vestursýsluna. Þorri nefnir að Kirkjubæjarstofa sé með 11 manns í vinnu en enga fjárveitingu. Þorri nefnir að við höfum átt 15 milljóna fjárveitinguna skilið vegna vel unnina starfa og samkeppnin um fjármagnið hafi verið á landsvísu. Árdís leggur áherslu á að hluti af starfsviði verkefnastjóra eigi að vera talsmaður Nýheima út á við og inn á við. Vala leggur áherslu á mikilvægi þess að aðilinn sé lipur í styrkumsóknum til að fjármagna frekari verkefni.

Ragga prentar út stefnumótunarvinnuna sem unnin var við stofnun þekkingarsetursins og kemur með inn á á fundinn þar sem ekki allir í stjórn höfðu séð þá vinnu.

Farið var yfir forgangsverkefni þekkingarsetursins sem skilgreind voru í stefnumótunarvinnunni. Umræður sköpuðust um stefnumótunina og ákveðið var að notast við hana sem grunn viðmið í áframhaldandi stefnumótunar og verkefnaskilgreiningar vinnu. Allir eru sammála að stóri rammin sé settur.

Spurningar vöknudu um hvernig framhaldsfræðslan komi inn á starfsvið starfsmanns sem hluti af fjárveitingunni.

Ragga nefnir að hvergi er skriflegt að þær 15 millur séu skilgreindar undir framhaldsfræðsluna.

Ragga fór yfir fjárlagafrumvarpið og las upp það sem í því stendur. Þannig að ekkert er mynst á að framhaldsfræðslan eigi að vera þar undir.

Eyjólfur fer yfir forgangsverkefni 1 úr stefnumótunarvinnunni og les það upp. Fanney vill að verkefni verði meira skilgrein heldur en í stefnumótunarplagginu. Eyjólfur telur að starfsmaður gæti komið að því að skilgreina verkefnin. Ragga spyr hvernig við sjáum fyrir okkur vinnuna við að skilgreina verkefnin. Þverfagleg samvinna aðila innan Nýheima var ákveðin besta lausnin. Fram kom að við þurfum að átta okkur á umfangi skuldbindingar inn í verkefnin frá hverri stofnun. Árdís lagði til að taka ætti saman þá styrkmöguleika sem eru í boði. Eyjólfur vill fara að skoða auglýsingu og ráðningu sem fyrst. Þorri nefnir eina leið til að stytta sér leið sem sé að finna út hvaða verkefni hver stofnun skortir slagkraft í til að vinna með. Langar til að skilgreina það hjá hverri stofnun. Þorri nefnir að við séum að vinna í þágu samfélagsins og að við þurfum að gera betur gagnvart sveitunum. Fanney leggur til að við byggjum á rammanum sem búin var til í stefnumótunarvinnunni og talar um að skilgreina 7-10 verkefni vel sem þurfa samt ekki alveg að vera nákvæmlega upp sett en þó þannig að við vitum hvað við viljum ná fram. Rætt var um að koma samstarfinu og samtalinu á stað í

tölvupósti okkar á milli um það hvernig verkefni við viljum að verði skilgreind. Ragga segir að við þurfum að finna tíma til að koma með hugmyndirnar til að leggja á borðið. Árdís spyr hvernig fjármunum sé útteilt af fjárlögum, Kristín talar um mánaðarlega. Þorri leggur til að við hittumst fyrir utan bæinn, á cirka 2 tíma fundi og leggur til Árnanes í því samhengi 30 október varð fyrir valinu frá 15-17.

2.Skapandi greinar, Nýheimar og Vöruhús (Það sem sat eftir frá síðasta stjórnarfundum) .

Það sem út af stóð frá síðasta fundi var að fundargerðinni yrði varpað á myndvarpa af skjávarpa og samþykkt lið fyrir lið. Fundarsköp komin í 7 punkta. Afgreitt

Varðandi skapandi greinar þá spyr Þorri hvernig menningarmiðstöðin og hvernig henni var skipt upp í vor muni vinna . Þorri vill að við kindum undir starfsemi skapandi greina og vill vita hvernig stafsmaður Nýheima komi að vöruhúsi. Eyjólfur segir að svarið sé eitt á meðan unnið er vöruhúsinu sess í samfélaginu og þá segir hann vöruhúsið og það sem heldur utan um það vera gert í samvinnu við nýjan starfsmann.

Ragga ræðir um mögulega fyrirgreiðslu til notenda vöruhússins og hvað getum við boðið. Skrifstofur og annað. Starfsmanna aðstaða rædd fyrir nýjan starfsmann í Nýheimum hvar koma ætti honum fyrir. Þorri nefnir að við þurfum að ná tengslum við samfélagið og ná til fólks sem vill halda sýningar á Höfn. Ragga nefndi að einstaklingur hefði fest kaup á húsi í þessum tilgangi. Þorri spyr hvort styrkir væru í boði t.d frá sveitarfélaginu. Ragga nefnir markmiðin úr stefnumótuninni og fór segir að ýmislegt hafi náðst en Spurning sé hvernig þeim upplýsingum verði miðlað út í samfélagið bæði hér heima og víðar og nefnir að búið sé að ráða Vilhjálmm sem forstöðumann vöruhússins. Ragga nefnir að hún hefði viljað að allt springi út mun hraðar en telur einnig mikilvægt að þetta fái að gerast í rólegheitunum. Þorri tekur fram að hann hafi engar sérstakar áhyggjur af þessu. Ragga leggur einnig áherslu á að áherslur menningarmiðstöðvarinnar verði að liggja fyrir.

Árdís nefnir í tengslum við að fá hingað utanað komandi fólk þurfi að passa að það séu til verkefni handa því, tók dæmi um hóp sem kom í sumar og var meira og minna verkefnalaus.

3.Önnur mál.

Ragga nefnir að Davíð sé að hætta sem framkvæmdarstjóri Ríki Vatnajökuls og er að velta fyrir sér hvort Guðrún ætti að koma í stjórn fyrir hann. Því er vel tekið að Guðrún komi inn en verði þá að vera þar sem starfsmaður Ríkisins en ekki Háskólasetursins þar sem Þorri er á þeirra vegum í stjórn en Guðrún starfsmaður beggja.

Fleira ekki rætt, ákveðið að næsti stjórnfundur fari fram samkvæmt áætlun í næstu viku.